

Reykholahreppur
Maríutröð 5a
380 Reykholahreppur

Stykkishólmi 17. júlí 2025

Efni: Flatey á Breiðafirði – breytingu á aðalskipulagi

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn vegna lýsingu á aðalskipulagsbreytingar fyrir Flatey í Reykholahreppi.

Breiðafjarðarnefnd tekur undir hugmyndir um að breyta skráningu þorpsins í Flatey í íbúðarbyggð, í því skyni að marka stefnu sem tekur mið af núverandi notkun húsa, sögu byggðarinnar og samræmist verndarmarkmiðum sem gilda um svæðið skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, sem og verndaráætlunum fyrir Breiðafjörð¹ og Flatey².

Nefndin telur að tillagan styðji við framtíðarbúsetu í Flatey og sé í samræmi við markmið verndar svæðisins, þar á meðal að vernda menningar- og búsetulandslag samkvæmt verndaráætlun fyrir Breiðafjörð³. Mikilvægt er, að mati Breiðafjarðarnefndar, að styðja við möguleika á heilsársbúsetu í Flatey, líkt og á öðrum eyjum Breiðafjarðar.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

¹ Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014 – 2019. (2014). https://nytt.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2016/11/vernd_2019.pdf

² Stjórnunar- og verndaráætlun - Friðland í Flatey. (2024). [https://ust.is/library/sida/Nattura/Stjórnunar-%20og%20verndaráætlun%20fyrir%20friðland%20i%20Flatey_undirritað.pdf](https://ust.is/library/sida/Nattura/Stjornunar-%20og%20verndaraetlun%20fyrir%20friðland%20i%20Flatey_undirritað.pdf)

³ Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014- 2019. (2014). *Kafli 1.2 - Hvað ber að vernda?*, bls. 12. https://nytt.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2016/11/vernd_2019.pdf